



Fundur stjórnar þjálfarasjóðs HSV.

Haldinn 7 apríl 2025. kl. 17:00.

Fundurinn var haldinn á skrifstofu MÍ.

Mættir: Heiðrún Tryggvadóttir, Ester Ósk Arnórsdóttir, og Andrea Gylfadóttir og Sigurður Hreinsson sem ritaði fundargerð.

Umsóknir:

Auglýst var eftir umsóknum þann 23 janúar sl. og bárust eftirtaldar þrjár umsóknir í sjóðinn:

Knattspyrnudeild Vestra – KSÍ Afreksþjálfun unglinga /UEFA Elite Youth A þjálfaragráða
Nóvember 2024 og janúar 2025. 120 klst námskeið sem haldið var í Reykjavík.

Beinn kostnaður við námskeiðið er kr. 150.000.-

Og ferðakostnaður vegna þess er kr. 100.000.-

Sótt er um styrk að upphæð 250.000 kr.

Hjólreiðadeild Vestra - UCI Level 2 reiðhjóra þjálfaranámskeið

Nóvember 2024. Fjallahjólánámskeið sem haldið var í í Aigle í Sviss.

Beinn kostnaður við námskeiðið er kr. 404.000.-

Og ferðakostnaður vegna þess er kr. 140.000.-

Sótt er um styrk að upphæð 544.000 kr

Bogfimideild Skotíþróttafélags Ísafjarðar – Norðurlandameistaramót ungmenna

Júlí 2024.

Beinn ferðakostnaður þjálfara kr. 217.400.-

Sótt er um styrk að upphæð 217.400 kr

Upphæð til ráðstöfunar:

Til ráðstöfunar að þessu sinni er árlegt framlag Ísafjarðarbæjar til sjóðsins, kr. 890,883.-



Reglur um styrkhæfi umsókna:

Í 1. grein reglugerðar um Þjálfarasjóð HSV segir eftirfarandi:

„Þjálfarasjóður Héraðssambands Vestfirðinga er sjóður til styrktar menntunar þjálfara innan íþróttafélaga HSV. Styrkveitingum er ætlað að auka þekkingu og færni þjálfara og með því móti auka gæði þjálfunar og efla íþróttastarf í sveitarfélaginu.“

Með vísan í ofangreinda 1.grein reglugerðar þjálfarasjóðs er það niðurstaða stjórnar sjóðsins að umsókn bogfimideildar Skotíþróttafélags Ísafjarðar sé ekki styrkhæf og er því hafnað.

Niðurstaða:

Tvær gildar umsóknir bárust að þessu sinni, samtals að upphæð kr. 794.000.-

Stjórn Þjálfarasjóðs HSV ákveður að styrkja báðar umsóknir að fullu; Hjólreiðadeild Vestra að upphæð 544.000.- og Knattspyrnudeild Vestra að upphæð 250.000.-.

Afgangur af árlegum tekjum sjóðsins að upphæð; 96.883.- verða geymdar og hækka næstu úthlutun úr sjóðnum.

Fundi slitið kl 17:40